

Starfsreglur Tryggingastofnunar um innheimtu

I. Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið

Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 598/2009 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags, með síðari breytingum. Þær gilda því um innheimtu ofgreiðslna sem koma í ljós við endurreikning Tryggingastofnunar. Starfsreglunum er einnig fylgt við innheimtu annarra ofgreiðslna frá stofnuninni eftir því sem við á.

Lagaákvæði um innheimtu Tryggingastofnunar er að finna í 55. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, 13. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og 30. gr. laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna nr. 22/2006, með síðari breytingum.

Sé ósamræmi á milli starfsreglna þessara og laga- og reglugerðarákvæða gilda hin síðar nefndu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í starfsreglum þessum hafa eftirfarandi orðasambönd svofellda merkingu:

- *Tekjutengdar bætur*: Bætur þar sem tekjur hafa áhrif á fjárhæð bóta.
- *Ótekjutengdar bætur*: Bætur þar sem tekjur hafa ekki áhrif á fjárhæð bóta.
- *Breytingar á aðstæðum*: Aðrar breytingar en breytingar á tekjum sem áhrif hafa á greiðslu bóta, t.d. hjúskaparbreyting.

II. Innheimtuskylda

3. gr.

Skuldajöfnun og endurkröfuréttur

Hafi Tryggingastofnun ofgreitt bótaþega bætur skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi síðar kann að öðlast rétt til í samræmi við IV. kafla starfsreglna. Einnig á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur bótaþega eða dánarbúi¹ hans samkvæmt almennum reglum. Tryggingastofnun skal innheimta ofgreiðslu sé endurkröfuréttur til staðar.

4. gr.

Tilkynning

Ef í ljós kemur að bótaþegi hefur fengið ofgreiddar bætur skal Tryggingastofnun tilkynna honum um það og gefa honum kost á að koma að mótmælum og leiðréttingum við kröfu stofnunarinnar og leita samninga um fyrirkomulag endurgreiðslunnar. Þá skal jafnframt skora á bótaþega að endurgreiða ofgreiðsluna og gera tillögu að tilhögun endurgreiðslu.

5. gr.

Breytingar innan árs

Ef tekjuáætlun bótaþega er breytt og í ljós kemur að honum hafi verið ofgreiddar bætur kemur ofgreiðslan til innheimtu við næsta endurreikning, nema samið sé um annað. Sé tekjuáætlun hins vegar breytt oftár en einu sinni innan bótagreiðsluárs er Tryggingastofnun heimilt samtímis að skuldajafna vangreiðslu á móti ofgreiðslu.

Verði breyting á aðstæðum bótaþega sem leiðir til ofgreiddra bóta kemur ofgreiðslan til innheimtu strax eftir tilkynningu um hana.

¹ Dánarbú tekur við öllum fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

6. gr.

Dánarbú

Dánarbú bótaþega er endurkrafið um ofgreiddar bætur nema í eftirfarandi tilvikum:

- a) Dánarbúi hefur verið lokið sem eignarlausu.²
- b) Dánarbú hefur verið tekið til opinberra skipta³, erfingjar ábyrgjast ekki skuldbindingar þess og Tryggingastofnun hefur ekki lýst kröfu innan kröfulýsingarfrests eða krafa hefur stofnast eftir að kröfulýsingarfresti lýkur og skiptastjóri viðurkennir af þeim sökum ekki kröfuna.

7. gr.

Undanþága frá kröfu vegna endurreiknings

Ekki skal endurkrefja bótaþega um ofgreiðslur sem nema lægri fjárhæð en 1.000 kr. á bótagreiðsluári, samkvæmt árlegum endurreikningi Tryggingastofnunar.

Heimilt er að falla frá kröfu sem stofnast vegna endurreiknings að fullu eða að hluta ef alveg sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Skal þá einkum litið til fjárhagslegra og félagslegra aðstæðna bótaþega og þess hvort hann var í góðri trú um greiðslurétt sinn. Sama gildir um dánarbú eftir því sem við á. Sækja þarf sérstaklega um niðurfellingu á kröfum og fara slík erindi fyrir samráðsnefnd um meðferð ofgreiðslna. Hvert mál er metið út frá fyrirliggjandi gögnum.

III. Endurgreiðsla

8. gr.

Endurgreiðslutími

Meginreglan er að endurgreiða skal ofgreiðslu á allt að 12 mánuðum frá stofnun kröfu. Mögulegt er þó að veita lengri endurgreiðslutíma. Við mat á lengd hans skal Tryggingastofnun þá hafa hliðsjón af heildartekjum, eignastöðu og upplýsingum um aðrar aðstæður. Miðað er við að endurgreiðsla taki að jafnaði ekki lengri tíma en 36 mánuði.

9. gr.

Endurgreiðsluleiðir

1. *Eingreiðsla inn á reikning Tryggingastofnunar.* Ávallt er hægt að greiða inn á kröfu eða greiða hana upp.

2. *Greiða samkvæmt tillögu Tryggingastofnunar að endurgreiðslu.* Tillaga að endurgreiðslu miðast við að bótaþegi endurgreiði kröfu með skuldajöfnuði á allt að 12 mánuðum frá stofnun hennar. Verði skuldajöfnuði ekki viðkomið með þeim hætti eru rafrænir greiðsluseðlar sendir í heimabanka.

3. *Semja við Tryggingastofnun um endurgreiðslu.* Tryggingastofnun er ávallt heimilt að semja við bótaþega eða dánarbú hans um endurgreiðslu. Hægt er að semja um mánaðarlegan frádrátt af bótum og að fá mánaðarlega greiðsluseðla í heimabanka.

10. gr.

Breyttar forsendur

Ef endurgreiðsla er ekki lokið þegar ný krafa stofnast getur Tryggingastofnun gert nýja tillögu að endurgreiðslu. Tillagan miðast þá við að endurgreiðslu á heildarskuld sé lokið á allt að 12 mánuðum. Greiðslufyrirkomulag þeirra krafna sem þegar eru til staðar heldur gildi ef samið hefur verið sérstaklega um greiðsluseðladreifingu og skuldajöfnuð með hærri frádrætti en 20% af mánaðarlegum greiðslum.

² Sbr. 25. og 26. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

³ Sbr. IV. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Verði breyting á rétti bótaþega til lækkunar og gert var ráð fyrir endurgreiðslu kröfu með mánaðarlegum frádrætti af bótum, getur Tryggingastofnun gert nýja tillögu að endurgreiðslu og tilkynnt bótaþega um hana.

11. gr.

Greiðslufrestir

Innheimtu er að jafnaði **ekki** frestað nema í eftirfarandi tilvikum:

- a) Bótaþegi hefur óskað eftir endurupptöku á skattframtali hjá skattfyrirvöldum og líkur eru á að krafa vegna endurreiknings muni lækka. Skila þarf staðfestingu á beiðni um endurupptöku frá skattfyrirvöldum.
- b) Bótaþegi hefur andmælt ákvörðun um endurkröfu innan andmælafrests.
- c) Líkur eru á að aðstæður skuldara muni batna til muna á næstu þremur mánuðum, t.d. vegna eingreiðslu skaðabóta, slysabóta eða frá lífeyrissjóði.
- d) Bótaþegi hefur sótt um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara. Innheimtu er frestað í samræmi við 20. gr. starfsreglna.

Eftirfarandi frestar ekki innheimtu:

- a) Beiðni um niðurfellingu á kröfu.
- b) Kæra til æðra stjórnvalds.
- c) Kvörtun til umboðsmanns Alþingis.

IV. Frádráttur af bótum

12. gr.

Takmörkun frádráttar vegna tegundar bóta

Ef tekjutengdar bætur eru ofgreiddar skal það sem er ofgreitt dregið frá öðrum tekjutengdum bótum sem bótaþegi síðar öðlast rétt til. Þetta á eingöngu við ef tekjur á ársgrundvelli eru hærrí en lagt var til grundvallar við útreikning bóta og ofgreiðsla stafar af því að bótaþegi hefur ekki tilkynnt⁴ Tryggingastofnun um tekjuaukninguna eða aðrar breyttar aðstæður.

Ef ótekjutengdar bætur eru ofgreiddar skal það sem er ofgreitt dregið frá öðrum bótum, tekjutengdum og ótekjutengdum, sem bótaþegi síðar öðlast rétt til.

Ofgreitt meðlag eða aðrar greiðslur skv. 63. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 skulu aðeins dregnar frá sömu greiðslum vegna sama barns, nema samið sé um annað.

13. gr.

Hámarksfrádráttur

Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, nema samið sé um annað, þó ekki lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu.

Ef bótaþegi sýnir fram á að innheimta verði til þess að hann hafi heildartekjur sem nema lægri fjárhæð en fram kemur í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytis um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skal Tryggingastofnun, að ósk bótaþega, lækka fjárhæð mánaðarlegrar innheimtu þannig að heildartekjur bótaþegans nái þeirri fjárhæð.

⁴ Bótaþega er skylt að tilkynna um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á bætur, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007.

14. gr.

Inneignir úr endurreikningi

Komi í ljós við endurreikning að bætur hafi verið vangreiddar og bótaþegi hefur áður fengið ofgreiddar bætur skal skuldajafna ofgreiðslunni á móti vangreiðslunni áður en bótaþega eða dánarbúi hans er greitt út. Skiptir þá ekki máli þó samið hafi verið um endurgreiðslu.

V. Vanskil

15. gr.

Innri innheimta

Sé ekki staðið við ákveðið endurgreiðslufyrirkomulag skal sent ítrekunarbréf þar sem tilkynnt er um frekari innheimtuaðgerðir verði ekkert aðhafst innan tilskilins frests.

Ef ekkert er aðhafst eftir útsendingu ítrekunarbréfs skal send innheimtuviðvörðun þar sem m.a. er tilkynnt um hver muni taka að sér frekari innheimtuaðgerðir. Varað er í bréfinu sérstaklega við innheimtukostnaði sem mun leggjast á kröfuna.

16. gr.

Ytri innheimta

Ef ekki er brugðist við bréfum Tryggingastofnunar skv. 15. gr. skal senda kröfu til frekari innheimtu hjá Innheimtumiðstöð sýslumannsins á Blönduósi. Tryggingastofnun metur í samráði við Innheimtumiðstöð hvort krefjast skuli lögfræðilegra innheimtuúrræða.⁵ Einnig getur komið til skuldajöfnunar við skatta og gjöld.⁶

Í sérstökum undantekningartilvikum, m.a. ef kröfur eru eldri en frá 1. janúar 2010, eru þær sendar til frekari innheimtu hjá öðrum aðila.

Kostnaður vegna innheimtuaðgerða ytri innheimtuaðila bætist ofan á kröfur í samræmi við gjaldskrá þeirra.

17. gr.

Aðfararhæfi

Ákvarðanir Tryggingastofnunar um endurkröfu ofgreiddra bóta frá og með 1. janúar 2010 eru aðfararhæfar að undangenginni greiðsluáskorun. Stjórnarsýslukæra á ákvörðun um endurkröfu frestar þó aðför.⁷

VI. Önnur ákvæði

18. gr.

Vextir

Hafi krafa vegna ofgreiddra bóta ekki verið greidd á 12 mánuðum frá því að hún stofnaðist ber Tryggingastofnun að leggja 5,5% ársvexti á eftirstöðvar kröfunnar. Heimilt er að falla frá kröfu um vexti ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi eða ef samningur um endurgreiðslu liggur fyrir og viðkomandi stendur við greiðsluskyldu sína samkvæmt samningnum. Ef álagi vegna sviksamlegs atferlis hefur verið bætt við kröfu í samræmi við 19. gr. telst það til eftirstöðva við útreikning vaxta.

Aðrir vextir eru almennt ekki reiknaðir á ofgreiðslukröfu.

⁵ Í lögfræðilegum innheimtuúrræðum felst, eftir því sem við á aðför, gjaldþrot og nauðungarsala.

⁶ Sbr. reglur nr. 797 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda.

⁷ Sbr. 6. mgr. 55. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Sjá nánar 3. mgr. 13. gr. sömu laga um stjórnarsýslukæru.

19. gr.

Álag

Komi í ljós að rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar hafi vísitandi verið veittar eða einstaklingur hafi látið hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar í því skyni að njóta tryggingar eða fá óréttmætar greiðslur skal greiðsluþegi endurgreiða ofgreidda fjárhæð að viðbættu 15% álagi.

20. gr.

Greiðsluaðlögun

Hafi bótaþegi sótt um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara og hægt er að skuldajafna af bótum hans hjá Tryggingastofnun upp í ofgreiðslu skal skuldajafna allt fram til þess er frumvarp að samningi um greiðsluaðlögun hefur verið samþykkt. Samningi um greiðsluaðlögun verður svo fylgt, hafi krafa stofnast áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina.

Þiggi bótaþegi ekki lengur bætur hjá Tryggingastofnun skal innheimtu frestað⁸ hafi krafa stofnast áður en umsókn um greiðsluaðlögun var tekin til greina.

21. gr.

Gjaldþrotaskipti

Tryggingastofnun er skylt samkvæmt 55. gr. laga um almannatryggingar að skuldajafna af greiðslum bótaþega þrátt fyrir gjaldþrotaskipti á búi hans. Þiggi skuldari ekki bætur af Tryggingastofnun fer um kröfu samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

22. gr.

Afgreiðslutími

Erindum vegna innheimtu skal almennt svarað innan tveggja vikna frá því þau berast Tryggingastofnun.

23. gr.

Kæruleiðir

Rísi ágreiningur um endurkröfurétt, ofgreiðslur og innheimtu þeirra, sbr. 55. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 er heimilt að kæra ákvörðun Tryggingastofnunar til sjálfstæðrar og óháðrar nefndar, úrskurðarnefndar velferðarmála. Stjórnarsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum innheimtu, sbr. þó 17. gr. starfsreglna.

24. gr.

Gildistaka og endurskoðun

Starfsreglur þessar öðluðust gildi 1. febrúar 2012. Starfsreglurnar voru endurskoðaðar þann 3. júní 2014, 19. ágúst 2015, 19. október 2015, 19. janúar 2017 og 19. mars 2019. Breytingar öðlast þegar gildi.

Endurskoða skal starfsreglurnar við breytingar á lögum, reglugerðum og verklagi er varða innheimtu ofgreiddra bóta, þó að lágmarki á þriggja ára fresti.

Tryggingastofnun
Reykjavík, 19. mars 2019

⁸ Í samræmi við 11. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010.